

Einar G. Pétursson

Kirkjulegar ástæður fyrir ritun Landnámu.

I

Fá íslensk fornrit hafa valdið fræðimönnum jafnmikilum heilabrotum og Landnámu. Þer þar margt til. Varðveisla textans er mjög flókin. Landnáma er varðveitt í fimm gerðum mismunandi gömlum og heillegum. Fræðimenn eru sammaðir um, að enginn þessara texta sé upphaflegur, heldur sé hann sukið misjafnlega mikil og með misjöfnum hætti hálfri ammarri öld a. m. k. eftir að Landnáma var upphaflega saman sett. Af þessum sökum hljóta hugmyndir um upphaflegan texta að verða óljósari en skyldi.

EKKI er hér hugmyndin að fjalla sérstaklega um gerðir Landnámu eða samband þeirra. Að efni til er Landnáma frásögn af því hvernig allt Island byggðist fyrst, þ. e. hún nefnir "um 430 menn og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra." (Jakob Benediktsson: formáli Landnámu í Íslenzkum fornritum. I, s. cxxiv). Greint er frá landnámi á öllu Islandi og ekki er þar eyða í.

Landnáma segir ekki sjálf ljóslega frá tilgangi sínum, þ. e. orsökum ritunarinnar; en hlytur hann ekki að hafa verið mikilvagur, þar sem svo mikil var í lagt? Trúlegt er, að nánar hafi getað verið sagt frá tilgangi Landnámu í upphaflegri gerð hennar heldur en gert er í þeim gerðum sem nú eru varðveittar.

II

Hvaða skoðanir hafa fræðimenn haft á uppruna Landnámu?
Síð skoðun sem næsta útbreiðslu hefur hlutið á seinustu áratugum

og fram á 8. áratuginn er skoðun Jóns Jóhannessonar, sem kom fram í doktorsritgerð hans (Gerðir Landnámbókar. 1941, s. 220), og öllu fastar komst hann síðar að orði í grein sinni í II. bindi af tímaritinu Sögu á árunum 1955-1957, en þar hélt hann því stift fram, "að fréðleiksfýsnin hafi ráðið mestu um ritun Landnámu. ... Annarra ástaðna til ritunar Landnámu er ekki þörf að leita." (s. 228-229). Þegar Jón ritaði greinina í Sögu höfðu komið fram tvar aðrar tilgátur fyrir ritun Landnámu.

Skömmu áður en Jón Jóhannesson gaf út doktorsritgerð sína eða í Skírni 1938 birti Barði Guðmundsson ritgerð er hann nefndi Uppruhi Landnámbókar. Ritgerð þessi var síðar endurprentuð í ritgerðasafni Barða Uppruni Íslendinga, sem út kom 1959. Þar heldur Barði því fram, að ritun Landnámu hafi verið "einn liðurinn í mállefnaþróun þjóðfélagsins" um 1100, en þau atriði verða rædd hér síðar. Síðan segir Barði: "Og þeirri hugsun verður ekki varizt, að hin dýpst undirrót þessa stórfellda söfnunarstarfs hafi verið áform um, að innleiða hér á landi óðalsrétt í einhverri mynd." (Uppruni, s. 90). Að þessari niðurstöðu komst Barði eftir að hann hafði eftir Landnámu rakið 12 ættir frá landnámsmönnum og til um 1100. Eins og fyrr er komið fram, þá hafnaði Jón Jóhannesson þessari tilgátu algjörlega og taldi dæmin of fá. Jakob Benediktsson taldi í útgáfu sinni á Landnámu ekki ástaðu til að vísa þessari hugmynd "jafn-afdráttarlaust á bug og Jón Jóhannesson gerði." Bentí Jakob jafnframt á, að óðöl Barða hefðu verið kirkjustaðir í betra lagi og e. t. v. "sérstök áhersla verið lögð á eignarheimildir ætta fyrir slíkum stöðum örðrum fremur." (s. cxviii-cxix).

I grein sinni um óðalsrétt í Kulturhistorisk leksikon 1967 gerir Magnús Már Lárusson grein fyrir hugmyndum sínum um óðalsrétt, en ekki fer hann aftur til Landnámu eða nefnir hugmyndir Barða.

Síðar tók Sveinbjörn Rafnsson kenningu Barða til athugunar í doktorsritgerð sinni 1974: Studier i Landnámsabók (s. 58-59, 133-151). Ekki styrkir hann kenninguna með því að rekja attir landnámsmanna til manna um 1100. Hann leggur eins og Magnús Már aftur á móti mikla áherslu á ýmsa staði í Grágás, þar sem talað er um, að fyrst skuli farga stökkum, leigubólum en síðast aðalbólinu. Þetta var talin sönnun pess, að aðalból hafi verið óðal sem skyldi ekki ganga úrattis.

Ekki stla ég að neita, að óðalsréttur hafi verið til og þetta geti bent til hans. Oneitanlega virðist samt þarna verið að setja fram mjög almenna reglu. Ef menn þurfa að láta eitthvað af hendi af eignum sínum, þá er fyrst látið af hendi lausafé og lakari jarðir, en síðast besta jörðin, aðalbólið. Borga menn ekki skuldir undir vanalegum kringumstæðum með þessum hætti, þ.e. láta síðast af hendi verðmatstu eign sína? Er ótrúlegt, að menn hafi farið öðruvísni að á þjóðveldisöld? Heppilegt gat verið að hafa þetta lögfest, því að fjárværðeislumenn gátu þá ekki leikið sér að því að selja sjálfum sér eða gæðingum sínum bestu bitana. Það gat beinlínis verið mörgum aðilum mikið hagsmunamál að hafa í lögum ákvæði um röðina: lausir surar, leiguból og aðalból.

Pessar kenningar um, að upphaflegur tilgangur Landnámu hafi verið að skrá heimildir um eignarrétt á landi hafa hlutið mis-jafnar undirtektir. Haraldur Matthiasson telur Landnámu sjálfa ekki rökstyðja þessa kenningu nema aðeins í "þeim fáu dæmum, sem Barða tókst að finna" (Landið og Landmáma. 1982, s. 55). Haraldur nefnir mörg dæmi um það, að frásagnir Landnámu um landnám á einstökum stöðum virðist ekki veita neinum sérstökum attum eignarheimild á höfuðbólum (s. 54-57). Styður Haraldur mál sitt að nokkru með grein Jakobs Benediktssonar í Skírni 1974.

I Miðaldasögu eftir Björn Þorsteinsson, sem kom út í annarri útgáfu 1980, er t. d. fylgt þeirri kenningu, að eignarhald á landi sé orsök ritunar Landnámu, og virðist mér þessi kenning nú viða njóta viðurkenningar.

Loks er rétt að nefna þriðju kenninguna, sem þó hefur lítil sýn fylgjis notið. Halldór Hermannsson skrifði grein í Skírni 1948, þar sem hann giskaði á, að Ari fróði hefði farið til Gissurar biskups Isleifssonar rétt um 1090 og hjálpað honum til að koma skipulagi á kirkjustjórnina, þ. e. koma á tíundarlögunum og skipta landinu í kirkjusóknir. Til þessa þurfti að ferðast um landið og færa söknaskipanina að meira eða minna leyti í letur. Minnisgreinar úr þessum ferðum hefðu orðið grundvöllur Landnámu. Þessi kenning hefur ekki notið mikillar útbreiðslu. Þó er hún nefnd í fyrrnefndri ritgerð Jóns Jóhannessonar í Sögu, en sagt að hún hafi ekki öölást viðurkenningu. Jakob Benediktsson nefnir hana einnig í Landnámuútgáfu sinni og einnig víkur hann í því sambandi lauslega að því sem þá var að gerast í þjóðlifinu, einkum af hálfu kirkjunnar (s. cxix-cxx, xx). Aftur á móti er þessi kenning ekki nefnd af Svend Ellehøj í Studier over den ældste norrøne historieskrivning eða bókum Sveinbjörns Rafnssonar og Haralda Matthiassonar.

Þessi tilgáta verður hér síðar rædd nánar, víkkuð út og reynt að remna fleiri stoðum undir hana.

Ef farið er að leggja dóm á þessar kenningar er minn dómur á þá leið, að kenningin um að orsök Landnámuritunar hafi verið fróðleiksfýsnin ein, verður að teljast mjög rómantísk söguskoðun því að ótrúlegt er að jafnviðamikið rit og kostnaðarsamt, sem krafðist samstarfs margra manna, hafi verið til saman af fróðleiksfýsn einni: Ritöld var þá að hefjast og menn hafa tæplega stundað skriftir að nauðsynjalausu.

Hinar seinni kenningarhar miða við, að hagsmunir hafi verið tilefni ritunarimmar, sem verða að teljast eðlilegri skýringar en fröbleiksfýsnin ein.

III

A engri öld hafa orðið jafnafdrifaríkar efnahagslegar og andlegar breytingar í íslensku þjóðliffi og á ll. öld. Rétt fyrir aldamótin 1000 var farið að boda kristna trú á Íslandi og kristni var lögtekin 1000 eða 999.

Um heiðnina eða þá trú, sem hér var fyrir kristni, er með vissu vitað minna en skyldi. Eins og kunnugt er, hefur Olaf Olsen haldið því fram í doktorsritgerð sinni, Hórg, hov og kirke, 1966, að í heiðni hafi ekki verið byggð sérstök hús, hof, til dýrkunar heiðnum goðum. Veisluskálarnir, þar sem blót-veislur voru sagðar haldnar, voru að hans mati aðeins skálar sem annars voru notaðir til heimilisþarfa. Hoftollar eða skattar til hofa voru að mati Olsens ekki til. Vart hefði Ari heldur talið lögtöku tfundarlaga svo mikið afrek, ef hoftollar hefðu verið áður og þeir færst yfir á kirkjurnar. Hvað sem öllu líður er ljóst, að heiðni studdist ekki við þá sterku alþjóðlegu miðstýringu, sem samanstóð af prestum, biskupum, erkibiskupum og páfa. Heiðnin var hér einangruð miðað við kristnina.

Kröfur kristninnar voru ekki litlar. Í raun voru þær svo miklar, að furða er, að menn skyldu ekki rísa gegn hemmi, en um það eru engar heimildir á Íslandi.

Kirkjan gerði kröfu til hlífði peirra sem kristni játuðust, en þá var hugtakið trúfrelsi ekki bekkt; allir urðu að vera kristnir, hafa "einn sið." Hlífðin var m. a. fólgin í því, að allir urðu að taka niðurdýfingarskírn og þótti mjög alvarlegt mál, ef barn dó óskirt. Kirkjan gerði kröfu um, að menn játuðu syndir sínar, en synd hefur oft verið talin kristilegt hugtak.

Kirkjan setti reglur um mataraði; skipaði mönnum föstur á vissum dögum og árstínum. Kirkjan setti reglur um hjúskapartálma. Hér eru ónefnd nokkur sakramenti kirkjunnar: ferming, húsltekja, hjónavígsla og síðasta smurning. Kirkjan skipaði mönnum að halda vissa daga heilaga, sunnudaga, stórhátiðir og messudaga yfmissa dýrlinga. Á þeim dögum fór fram í þar til gerðum húsum athöfn með söng á framandi tungu og sérkennilegum helgisiðum. Við þetta störfuðu menn sem sérstaklega höfðu lært það sem til þurfti. Kristni fylgdu sérstök hús, sem bændur lögðu í kostnað við að byggja og þar skyldu allir liggja grafnir. Ekki er þessi upptalning á afskiptum kirkjunnar af einkalifi manna tæmandi, en takmark hennar var að fylgja einstaklingunum frá fæðingu og út yfir gröf og daubá.

Eru ekki líkur á, að mönnum hafi þótt öll þessi afskiptasemi og nýjungar að einhverju leyti óþarfari? Fátt eða næstum ekkert hefur átt sér hliðstaðu í heiðni. Einhverjur hljóta að hafa möglað eitthvað, en um það höfum við engar heimildir. Það var ekki nógu kristilegt að geta um slikt, og þeir voru kristnir, sem á fjöörunum héldu.

Ekki kom kristnin í fyrstu mjög við fjárhag manna eða gekk verulega í buddu almennings. Þar varð þó veruleg breyting á, er tfund var lögtekin 1097. Hún snerti menn áreiðanlega meir en allt annað, sem kirkjan hafði áður skipað. Slikt gekk ekki baráttulaust fyrir sig í nágrammalöndunum, en á Íslandi gekk það og undrast Ari það mjög í Íslendingabók og þakkar ástsæld Gissurar biskups.

Á það hefur oft verið bent, að um 1100 er ymislegt sem til nýjunga verður telja að gerast í þjórlifi á Íslandi. Árið 1106 er settur biskupsstóll á Höllum og föst skipan sett á biskupsstólan. I sambandi við setningu tilundarlaga eða Hölastóls voru

taldir allir skattbändur á Íslandi. Íslendingabók segir svo um lögfestingu tfundar: "allir menn töldu og virtu allt fé sitt ... hvort sem var í löndum eða í lausaaurum". Hér er talað um, að lönd hafi verið virt, þ. e. með öðrum orðum jarðamat. Mat á jörðum var í raun forsenda þess að hagt væri að leggja tfund á. Engin leið er að leggja skatta á misjafnlega verö miklar eignir án þess að hafa eitthvert mat á þeim. Erfitt er að hugsa sér, að jarðamatið, skattbandalíð og skipting landsins í kirkju-sóknir hafi farið fram án þess að menn ferðuðust um landið meira eða minna. Erfitt er t. d. að fmynda sér að jarðamat hafi farið fram á alþingi. Til þess þurfti svo nákvæma vitneskju um hverja einstaka jörð, að vart er hugsanlegt að menn sem komu á alþing hafi verið færir um það.

Veturinn 1117-1118 voru veraldleg lög skrifuð. Á árunum 1122-1133 var Íslendingabók skrifuð. Barði Guðmundsson setti ritun Landnámu í samband við ritun laganna 1117-1118 og taldi hana þar af leiðandi eldri en Íslendingabók. Með öðrum orðum er Barði að reyna að setja Landnámu í samband við samtímann og það verður einnig reynt hér síðar, en Þóur verður að ræða stuttlega um höfund og aldur Landnámu.

Um höfund Landnámu er merk heimild í eftirmála Hauksbókargerðar Landnámu, sem ritaður er í upphafi 14. aldar. Þar stendur, að "um landnám" hafi skrifað "fyrst Ari prestur hinn fróði Þorgils-son og Kolskeggur hinn vitri." Kolskeggur er nefndur í 287. kafla Sturlubókar Landnámu og er sagt, að Kolskeggur hafi "fyrir sagt hérban um landnám." Næsti hluti Landnámu ber glögg höfundareinkenni, sem benda til að heimildir séu úr sömu smiðju. Kol-skeggur var samtí mamaður Ara, en talinn ívið eldri, en annars eru ekki kunn faðingar- eða dánarár hans. Björn M. Ólsen og síðar Jón Jóhannesson héldu því fram, að Ari fróði hefði skrifat

samfellda Landnámu og hafa flestir fræðimenn tekið undir það eftir að bók Jóns Jóhannessonar kom út 1941. Ekki er gott að skera úr um, hvort Ari var aðalhöfundur Landnámu eða ritstjóri.

Um tímasetningu eða aldur elstu gerðar Landnámu hefur ýmislegt verið ritað og hefur oft verið miðað við aldur Íslendingabókar, þegar menn hafa talið Ara hafa samið bæði ritin. Gjarnan hafa menn álítið, að Landnáma væri yngri en Íslendingabók (sbr. Sveinbjörn Rafnsson. Studier, s. 89-90 og tilvitnanir). Barði Guðmundsson var þó annarrar skoðunar eins og fyrr gat.

Sveinbjörn Rafnsson tímasettur Landnámu frá því um 1100 og notar til þess m. a. orðið landnámsmaður, sem Ari notar í Íslendingabók um menn í öllum landsfjórðungum. Orðið landnámsmaður er síðan talið sönmun þess, að Ari hafi bekkt Landnámu. Einnig er þögn Landnámu um Heklugosið 1104 talin vera sterk rök fyrir því, að hún sé eldri en eldgosið (s. 90-92, 114-123). Ekki virðast þessi rök sterk, enda hafa þau verið gagnrynd, einkum þögnin um eyðingu Bjórsárdals (Jakob Benediktsson í Skírni. 1974 og Sigurður Þórarinsson. Jarðvisindi og Landnáma í Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni. 1977). Tímasetning þessi þarf þó ekki að vera röng, eins og brátt verður vikið að.

I Íslendingabók nefnir Ari 9 heimildamenn, að auki er einn nefndur í formála Heimskringlu, sem er ekki í þeirri Íslendingabók, sem nú er varðveisitt. Af þessum níu er kunnugt um dánarár 7, en þeir tveir sem eftir eru hafa verið taldir eldri en Ari. Seinast deyja Gissur biskup Isleifsson (d. 1120) og Sæmundur fróði (d. 1133), þ. e. með öðrum orðum aðeins einn sem er enn á lífi, þegar Ari byrjar að skrifa Íslendingabók. Ættingjar Ara og þeir sem tengjast dvöl hans í Haukadal eru allir dánir, þegar Íslendingabók er skrifuð. Fyrst deyr Hallur í Haukadal 1089, en Teitur bróðir Gissurar biskups deyr 1110 og Puríður

Snorradóttir góða deyr 1113. Sýnir petta, að Ari hefur snemma farið að nema fróðleik. Petta má þó skýra sem almenna fróðleiksffysn. Eitt er þó sýnu athyglisverðara en það sem nú var rakið. Um Markús Skeggjason, sem var lögsögumaður 1084-1107 og dö sama ár, segir Ari í 10. kafla Íslendingabókar: "Að hans sögu er skrifuð ævi allra lögsögumanna á bók þessi".

Um Markús er rétt að fara nokkrum orðum, en hann varð lögsögumaður árið eftir að Gissur kom til biskupsstóls, og í Kristni sögu er hann sagður "vitrastur ... lögmanni á Íslandi annar en Skapti." Markús var skáld gott og í Knýtlinga sögu eru varðveisittar milli 20 og 30 vísur úr erfikvæði eftir hann um Eirík Danakonung Sveinsson eigðða, sem dö 1103. Magnus Olsen hefur giskað á (Páttir um líf og ljóð. 1963, s. 230-39), að Jón Ögmundarson hafi farið með kvaðið, Eiríksdrápu, er hann fór utan 1105 til að vígjast til Hóla við hinn nýstofnaða erkibiskupsstól í Lundi. Vart hefur verið völ á tignari sendimanni en Jóni biskupsefni. Í kvaðinu er mikið lof boríð á Eirík konung fyrir að hafa fært erkibiskupsstólinn til Lundar og giskar Magnus Olsen á, að það hafi verið tilefni kvaðisins. Kvaðið er mjög kristilegt og hvað sem ágiskunum Magnusar Olsens líður, þá er óhugsandi annað en Markús hafi ort Eiríksdrápu með vitorði og samþykki Gissurar biskups.

Um Ara er það vitað, að hann skrifaði Íslendingabók fyrir biskupana eftir 1122 og ber hún með sér, að Ari hafi í síðasta lagi upp úr 1100 verið farinn að safna skipulega og að því er virðist í ákveðnum tilgangi fróðleik m. a. hjá nánum samstarfsmönnum Gissurar biskups við setningu tfundarlaganna. Hver var sá tilgangur?

Heimildir eru ekki um að Ari hafi auk Íslendingabókar í tveim gerðum ritað meitt annað en Landnámu og liggur þá beinast

við samkvæmt þessu að álykta, að hann hafi skrifaoð hana um 1100. Líklegustu hvatamennmennir eru Gissur biskup og samstarfsmenn hans. A þessum tímum er ekki trúlegt að Ari hafi samið Landnámbók fyrir veraldlega höfðingja en Íslendingabók síðar fyrir biskup ana.

Þessi fullyrðing þarf ekkert að stangast á við orð Snorra Sturlusonar í formála Heimskringlu, en þar segir: "Ari prestur hinn fröði ... ritaði fyrstur manna hér á landi að norrænu máli fræði, þaði forna og nýja." Snorri ritaði sögur Noregs konunga, en þess vegna þurfti hann ekki að nota Landnámu. Einnig má minna á orð Fyrsta málfræðingsins frá því um miðja 12. öld, þar sem segir í lok upptalningarár á því sem þá hafði verið skrifaoð: "Þau hin spaklegu fræði, er Ari Borgilsson hefir á þakur sett af skynsamlegu viti".

I Íslendingabók stendur, að lög hafi verið skrifuð 1117-1118 og hefur það oft verið túlkað svo, að ekkert hafi verið skrifaoð áður, en í raun er það alls ekki sagt, enda hefur oft verið á það bent, að líkur séu til, að tiundarlögin frá 1097 hafi m. a. verið rituð. Tímasetning Landnámu um 1100 stangast ekki á við það, sem sagt er í öðrum heimildum um Ara og upphaf ritaldar á Íslandi.

"Íslendingabók görða ég fyrst biskupum órum", segir Ari í upphafi Íslendingabókar. Fyrir hverja skrifaoði Ari Landnámu? Skoðanir manna á því voru raktar í upphafi. Nú kom kom ritist-in með kristninni og verður ekki að telja líkur á, að í bernsku ritaldar á Íslandi hafi hagsmunir kirkjunnar, að einhverju leyti að minnsta kosti, ráðið samningu jafnverklegs rits og Landnámu? Um 1100 var verið að koma fastri skipan á kirkjuna með lögfestingu tiundar og þess vegna eru líkleg tengsl milli kirkjunnar og samningar Landnámbókar. Lögfestingu tiundar fylgdi skipting

landsins í kirkjusóknir og það skipti tölverðu málí fyrir bændur hvar kirkjur urðu. Sí spurning verður oft éleitin: Af hverju var kirkja á þessum þeim ekki hinum?

IV

Nú verður gerð grein fyrir kirkjum og valdi biskups á tekjumöguleikum einstakra kirkma.

Eftir kristnitökuna voru fljóttlega reistar kirkjur víða. Því miður vitum við ekki hve víða þær voru reistar og enn síður hvenær hver einstök kirkja var byggð. Vislega hefur ekki verið mikill munur á stöðu einstakra kirkma í upphafi og það hefur varla breyst að ráði fyrr en um það bil, sem tiund komst á. Orsakirnar fyrir því hve víða menn byggðu kirkjur, voru ýmsar og eins trúlegt, að okkur takist ekki að giska á þær allar. Mikil hefur eflaust haft að segja að útvega mönnum stað til að liggja látnum, þ. e. kirkjugarð. Einnig var nauðsyn á húsi fyrir aðrar kirkjulegar athafnir, en það var ekki síst skírnin, því að varla er trúlegt, að skírn heitum laugum hafi tilkast lengi. Smíði kirkju hlaut að vera sumum að minnsta kosti nokkurt meðaðarmál, því að einhverjur hafa vart viljað vera minni en aðrir. I Eyrbyggju er sagt í 49. kafla, "að maður skyldi jafnmögum mönnum eiga heimilt rúm í himnaríki, sem standa mætti í kirkju þeirri, er hann léti gera." Vel gæti petta fyrirheit verið ungu tilbúningur, en samt er vel trúlegt, að prestar hafi lofað mönnum einhverju sliku til að hvetja þá til kirkjusmíða.

A Íslandi voru allar kirkjur upphaflega í eigu einstaklinga, þ. e. bända, en á Norðurlöndum reistu menn kirkjur í félagi.

I kristinrétti Grágásar er talað um bænhús "er biskup lofar til ðir að." Petta hlytur að bera að skilja svo, að til hafi verið bænhús, þar sem ekki voru leyfðar til ðir, þ. e. biskup hefur getað fakkað eiginlegum bænhúsum. Nú er fullvist, að guðshúsum hef-

ur fækkað á 12. öld, því að samkvæmt Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar, sem var öveitt er sérstök, stendur (B-redaktionen, s. 10): "En þá var það boðið af hinum helga Þorlákki biskupi, að hvorgi skyldi bænhús niður falla, þar er ðóur var uppi. En ef bænhúsið félli niður, þá skyldi sá gjalda aftur sex aura til graftarkirkju peirrar er bænhúsið lá undir." Prestar við graftarkirkjurnar hafa fengið borgun fyrir þar til ófær sem þeir veittu í bænhúsunum og þessi ákvæði eru til að koma í veg fyrir tekjumissi prestanna.

Ekki eru í kristinrétti nefndar hálfkirkjur, og bænhús eru aðeins nefnd í sambandinu kirkjur og bænhús. "Í kristinrétti eru engin fyrirmáli um hið kirkjulega embættisvald, því að um það setti kirkjan sjálf reglur." (Magnús Stefánsson. Saga Islands. 1975. II, s. 57). Sýnist líklegt, að petta hafi einnig gilt um stöðu kirkna. Síðar var svo — ég veit ekki hvenær — að hálfkirkjur höfðu rétt til helnings tíundar, þ. e. prests- og kirkjutíundar, af jörðinni, sem hálfkirkjan stóð á. Bænhús urðu aftur á móti að gjalda fulla tíund til sóknarkirkju. Bænhús hafa því örðið nokkur baggi og því hafa þau fallið niður, sérstaklega ef jörð var rýr og vel í sveit sett miðað við sóknarkirkjuna. Eflaust hefur staða sömu kirkju verið mismunandi frá einum tíma til annars, þ. e. verið ýmist hálfkirkja eða bænhús, en petta þarf nást rannsókna eins og fleira í kirkjusögu.

Nú er rétt að athuga völd biskupa yfir kirkju. Um það efni verður að fylgja kristinrétti Grágásar frá 1122-1133. Ekki er vitað, hversu miklar breytingar urðu á valdi biskupa við gildistöku hans, en völd peimra hljóta þó fremur að hafa waxið þá en minnkað, og líklegt, að þá hafi verið staðfest valdsvið biskupa, sem ðóur var í raun í gildi.

Biskup réð því hvaða kirkjur voru graftarkirkjur eða eins og

segir í kristinrétti: "Til þeirrar kirkju skal lík fára er biskup lofar gröft að." Þegar lík voru grafin skyldi gjalda 12 álnir til kirkjubóna í legkaup, og prestur skyldi fá 6 álnir fyrir líksöng. Það voru með öðrum orðum þó nokkrar tekjur sem kirkjustaðir höfðu af greftri. Hafa verður í huga, að á þessum tíma voru fæðingar fleiri að tiltölu og meðalaldur manna lægri en nú. Afleiðingar þessa voru fleiri greftranir, meiri tekjur fyrir kirkjuna.

Biskup réð ekki eingöngu til hvaða kirkju lík skyldu færð, heldur einnig hvaða kirkjur skyldu vígðar. Landeigandi átti að leggja svo mikil fé til kirkju, að biskup vildi vígja hana af þeim sökum. Kirkjan var eign landeigenda og til þess að hægt væri að halda henni uppi, hafa biskupar örðið að krefjast, að henni fylgdu eignir, svo að hún héldist. Þess vegna var öruggast að vígja kirkjur á stærstu og bestu jörðunum. Kirkjueignir mátti ekki skerða og um áhrif þess segir Sigurður Nordal í Islandzkri menningu (s. 294): "A Íslandi, þar sem ekki var ósárlættur, hafði petta þau áhrif, að arfar skiptust minna en fyrr. Sonur kirkjubóna, er tók við staðarforráðum, fékk eignir kirkjunnar í sinn hlut án þess þær kæmu til skipta."

Tíundinni, sem á var komið 1097, var skipt í fernt. Einn fjórðungur rann til fátækra og annar fjórðungur til biskups. Helmingur tíundar skyldi fara til kirkju, en helming af kirkjutíund, þ. e. fjórðung allrar, skyldi prestur fá og var oft samimaður prestur og kirkjubóni.

Í tíundarlögnum segir: "Biskup skal ráða til hværrar kirkju skal leggja tíund af hverjum þeim og skal það haldast meðan hinn sami biskup reður fyrir." Biskup mátti taka tíund frá kirkjum, en sami þó eigi oftar en einu sinni. Það gat verið hagkvænt, ef aðstæður breyttust, að biskup hefði möguleika á slíkum breyting-

um. Biskupinn réð með öðrum orðum til hvaða kirkju tifund var greidd, þ. e. hvernig landið skiptist í kirkjusóknir. Ef kirkjutifund var ekki greidd, þá var sá sem bjó á kirkjujörðinni réttur heimtandi fjárins.

Einnig eru dæmi um það síðar, að biskup skipaði biskupstifund og jafnvel fátækra tifund af tilteknu svæði til einstakra kirkna um ákveðinn tíma.

Niðurstaðan um vald biskupa yfir kirkjum er þá þessi: Biskup réð hvaða kirkjur voru vígðar, til hvaða kirkna lagðist tifund, við hvaða kirkjur lík voru grafin og loks gat hann ákvarðað um aukatekjur til þeirra.

Eins og oft hefur verið bent á og fram kom hér að framan, skipti það bændur miklu, hvar kirkjur urðu, en biskup réð á hvaða bæjum kirkjustaður varð. Það var í valdi biskups, hver fékk þær tekjur sem fylgdu kirkjum.

Nú var það svo, að kirkjur voru ekki alltaf vel í sveit settar. Nefnd skulu hér tvö slík dæmi, þar sem ég þekki til við Breiðafjörð. Óll Skógarströnd átti upphaflega sókn að Narfeyri, sem er á öðrum enda sóknarinnar. Einnig er löng leið að Skarði á Skarðsströnd frá bæjum og eyjum sunnan Klofnings. Þessi skipan hefur þó örugglega verið gerð að vandlega ihuguðu ráði. Þar hefur verið farið eftir hagsmunum stórbanda, hefði Gissur ekki haft þá með sér, hefði lögfesting tifundar valdið umtalsverðri mótsþyrnu.

Þegar litið er til þess hvað var að gerast í þjóðlífini á Islandi um 1100, er Landnáma var skrifuð, þá hlytur athyglin að beinast að þörfum kirkjunnar og setningu tifundarlaga. Tifundarlöggin voru eitt þeirra nýmala, sem tók til landsins alls — eins og Landnáma --- og til þeirra hefur óneitanlega verið vandað mjög. Og eins og nefnt var hér að framan, voru kirkjur settar á stórar

jarðir til að þóknast hagsmunum stórbanda. Til yfirlits hlytur Gissur biskup að hafa þurft einhverja skrá um ~~byggðir~~ landeins. Sú skrá er líklegast Landnáma í upphaflegri mynd.

V

Nú er Landnáma ekki skrá um kirkjustaði, en samt getur hún verið samin í þessum tilgangi. Þá kemur spurningin: hvernig þá? Nú voru þeir sem skrifuðu varðveisstir Landnámugerðir allir af Vesturlandi og þar er texti Landnámu sýnilega mest aukinn. Minnst aukinn og þess vegna næst upphaflegri gerð er Landnámu-textinn á Austurlandi, þar sem Kolskeggur fyrir sagði. Þar er sett frá einstökum landnámsmanni oft skammt rakin og aðeins nefnd ættin sem af landnámsmanninum er komin, svo sem Húsvíkingar, Stöðfirðingar, Vépnlinnar og svo framvegis. Vart get ég komið auga á aðra skýringu líklegri en fólk af þessum manni komið hafi notið sérstakra réttinda. Til landnámsmanna hefur verulegur hópur manna um 1100 talið sig geta rakið ættir sínar með réttu eða röngu. Nú var það svo, að jarðir landnámsmanna skiptust og urðu upphafleg aðsetur þeirra stundum litlar jarðir. Eitt af mörgum dænum um kirkjustað, þar sem jörðin er yngri en landnámið, er Hjarðarholt í Laxárdal. Er sú skýring ekki nártæk, að þeir sem áttu ættir að rekja til landnámsmannaanna eða höfðu umræð yfir bestu jörðum í landnáminu, gátu vanst að fá að hafa kirkju hjá sér? Einnig hefur kirkja mörgum orðið stöðutákn og því metnaðarmál. Gissur biskup og samstarfsmenn hans hafa örugglega gert sér og öðrum grein fyrir hagsmununum, sem kirkjunum fylgdu eftir að tiundin kæmist á. Til þess að ná samkomulagi um hvar kirkjur áttu að vera, hefur verið valin sú leið að láta þá hafa forgang að kirkjum sem komnir voru af landnámsmönnum. Reynt hefur síðan verið til málamiðlunar að lofa mönnum að hafa bænhús þar sem áður stóðu.

Annars hefur áður verið bent á tengsl kirkjustaða við Landnámu. Í ritgerð sinni þar sem Barði Guðmundsson reyndi að sanna tilgátu sína um óealsréttinn nefnir hann tólf attir og Jakob Benediktsson bendir á, eins og áður sagði (s. 2), að átta óðöl væru kirkjustaðir af betra tægi. Við petta má bæta, að heimildir eru um einhvers konar guðshús á öllum öðrum jörðum, sem Barði nefnir í þessu sambandi, nema tveimur, en önnur þeirra tveggja er ekki pekkt úr ungum heimildum. Jón Jóhannesson nefnir (Gerðir, s. 219) samtímann þeirra, sem Barði Guðmundsson rakti attir til. Það var Tannni Torfason, sem gaf mikil fé til guðspakka í byrjun 12. aldar. Telur Jón, að Tanna hafi verið getið í Landnámu frá upphafi. Petta virðist vera vísrending þeirri kenningu, að kirkjan hafi haft hönd í bagga, þegar Landnáma var saman sett. Hvorki Barði Guðmundsson né Jón Jóhannesson hafa í þessu samhengi bent á samband við kirkjuna. Sveinbjörn Rafnsson (s. 195) nefnir, að af 124 lénskirkjustöðum við siðaskipti hafi 53 verið nefndir í Landnámu. Þar eru nefndar um 600 jarðir, en um siðaskiptin er talað um 4000 jarðir. Hve margir lénskirkju-staðir eru nefndir í Landnámu miðað við aðrar jarðir, skyrir Sveinbjörn svo, að þeir væru "gamla huvudgárdar", en væri ekki jafn vel hugsanlegt, að við ritun Landnámu hafi verið lögð sérstök rákt við kirkjustaði af einhverjum ástaðum. Ekki er mér kunn athugun á fjölda bændakirkna sem nefndar eru í Landnámu, en trúlega er það svipað hlutfall, en annars er það ógrannsakað.

Ekki er gott að átta sig á, hvar allar hálfkirkjur og bænhús á Íslandi hafa staðið. Oft er í málögum aðeins nefndur fjöldi bænhúsa, sem lágu að alkirkju, og er þá tilviljun, hvort vitað er á hvaða jörðum þau voru. Á landnámsjörðinni Kjarlaksstöðum á Meðalfellsströnd hafa t. d. fundist bein, sem benda til kirkjugarðs, en engar skjallegar heimildir eru um kirkju þar og

á næstu þejum voru hálfkirkjur fram á 18. öld. Þetta dæmi sýnir, að erfitt er að fullyrða, hvort kirkja hefur upphaflega verið á tiltekinni landnámsjörð. Annars þyrfti þetta eðlilega náinnar umfjöllunar og seint mun takast að finna alla kirkjugarða. Um fjölda kirkna um 1100 er þess vegna erfitt að segja til um með vissu. Íslendingar hafa í því tilliti sem víða annars staðar verið iðnari við mannfræðina en staðfræðina. Sveinn Vikingur (Getið í eyður sögunnar. 1970, s. 123-) segir prestskyldar kirkjur hafa verið 350 um 1200, en að auki um 50 allkirkjur til söngs með lífílli eða engri sókn. Kirkjur hafi alls verið um 400. Nokkur önnur útkoma er hjá Magnúsi Stefánssyni (Saga Islands. II, s. 80), en þar segir, að alkirkjur hafi verið 320-330 og alls hafi þeim verið þjónað af 400-450 prestum. Þessar tölur þeirra eru ansi nálagar tölunni 430, en svo eru landnásmenn taldir vera. Ekki verður hér reynt að svara, hvort þetta er tilviljun eða ekki. Eins og fyrr gat hafði biskup vald til að neita að vígja kirkjur og hugsanlegt er að eitthvað hafi verið um það að alkirkjur hafi verið færðar á 12. öld, en ekki trúlegt að mikil hafi verið um það eða haft veruleg áhrif á hvar kirkjur urðu. Einnig er rétt að minna á, að Landnáma er ekki varðveisitt í upphaflegri mynd.

Kirkjan á þjóðveldisöld hefur oft verið kölluð goðakirkja, kirkja hinna vígðu goða, en goðar voru um 40 og alls sátu í lögréttu 144 goðar og menn sem þeir höfðu til umráða. Þessi tala kirkna og presta sýnir þó, að mun fleiri en goðarnir og umráðamenn þeirra hafa orðið að vera viðriðnir kirkjurnar. Orðið goðakirkja er að því leyti villandi, þótt goðar hafi víslega oft ráðið mestu.

Haustið 1966 kom Þórhallur Vilmundarson fram með þá kenningu, að mörg örnefni, sem til þess tíma höfðu almennt verið talin

dregin af nöfnum landnámsmanna, væru dregin af ýmsum fyrirbarum í náttúrunni. Samkvæmt kenninguunni fóllu margir landnásmenn, en urðu í staðinn að einhverjum náttúrufyrirbarum. Ekki er gott að skýra hvers vegna landnásmenn áttu að vera búin til með þessum hætti, en ein skyfringin gæti verið sú, að hagsmundir hefðu getað verið fólgir í því að búa til landnásmenn. Geta menn þá sem trúa á kenningu Þórhalls bæði fengið stuðning í kenningu Barða og Sveinbjarnar um óðalsrétt og kenninguunni sem hér hefur verið haldið fram að staðsetning kirkjustaða hafi verið orsök ritunar Landnámu. Í þáðum tilfellunum gat verið efnahagslegur ábati fyrir menn á tilteknunum stöðum að búa til landnásmenn. Við höfum enga samtímaritdóma um Landnámu, svo að vel má vera, að "fölsun" landnásmanna hafi verið á almannavitorði er Landnáma var samin. Ekki er hér verið að halda því fram að ritun Landnámu hafi verið eina mögulega orsök þess að búin voru til mannanöfn úr náttúrufyrirbarum.

Eitt skortir við hugmyndirnar um, að Landnáma hafi verið rituð af fróðleiksfýsn einni saman eða til að koma hér á óðalsrétti. Hvernig var að þessu staðið? Landnáma er heildstætt verk og sýnilega samin eftir fyrirfram ákveðinmi ástlun. Þess vegna er óhugsandi, að einn maður hafi staðið fyrir þessu um allt Ísland, þótt lærðómsmaður væri og fróður. Tækni og aðstæður voru slíkar við upphaf ritaldar, að það er næstum óframkvamanlegt. Einmig er næsta ótrúlegt, að einn eða tveir menn hafi talið fésínu vel varið við að safna efni til jafnmikils og erfðs verkefnis og Landnáma er án ástæðu. Um kenninguuna um óðalsréttinn er svipað að segja, að erfitt er að hugsa sér, að höfðingjar hafi staðið fyrir jafnmiklu söfnunarstarfi og fram kemur í Landnámu án stuðnings kirkjunnar, en þó á sama tíma og hún var að festast í sessi. Þó eru almennar líkur fyrir því miklu meiri

að óöalsréttur hafi komið ritun Landnámu á stað heldur en fröölleiksfýsn. Rétt er og að minnast, að ritlistin kom með kristninni og var þegar hér var komið sögu ekki búin að ná jafnmikilli útbreiðslu meðal veraldlegra höfðingja og síðar varð.

Hér hefur verið reynt að draga saman fáeinarr likur til þess, að Landnáma hafi verið skrifuð að frumkvæði kirkjunnar og þá liggur beinast við, að Gissur biskup og samverkamenn hans hafi átt þar hlut að. Til þess gátu legið ýmsar ástæður eftir því sem málum var háttar um 1100, en hér hefur verið reynt að fára að því likur, að ástæðan hafi einkum verið skipting landsins í kirkjusóknir. Annars er útilokað að menn hafi þá skrifað Landnámu án aðildar og hagsmunu kirkjunnar.

Í þessum lestri má segja, að verið sé að hnykkja fastar að því sem Halldór Hermannsson sagði í fyrrnefndri grein sinni. Jakob Benediktsson íjar einnig að þessu í Landnámuútgáfu sinni (s. cxx, xx). Sama má segja um Harald Matthiasson í ábur tilvitnuðu riti (s. 55), þótt hann sé annars fylgjandi skoðuninni, að fröölleiksfýsnin hafi ráðið mestu um, að Landnáma var samin.

Kenning þessi hefur það fram yfir aðrar, að hún er í samræmi við það sem vissa er um, að var að gerast í þjórlifinu. Engar heimildir eru um, að komið hafi verið á óöalsrétti á Íslandi um 1100, en heimildir um tíundarlögin og eflingu kirkjunnar eru ótvíraðar.

Annars er Landnáma slikt verk og svo margt óljóst um tímana og aðstaður á Íslandi er hún var samin, að hollt er að minnast orða Björns Sigfússonar (Um Íslendingabók. 1944, s. 64): "Varast skyldi hverja þá fullyrðing um tilgang landnámaritunar, sem lokað getur aðrar tilgangsskýringar íti."

